

T I L L A G A

til þingsályktunar um stefnur þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Guðlaugur Óskarsson.

Kirkjuþing ályktar að gildandi stefnur þjóðkirkjunnar muni halda gildi sínu til 1. júlí 2022.

Greinargerð.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 segir: *Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.*

Stefnur þjóðkirkjunnar, sem samþykktar hafa verið af kirkjuþingi, munu samkvæmt þessu ákvæði falla úr gildi 31. desember 2021. Til þess að svigrúm sé til að endurskoða þær með tilliti til breytts lagaumhverfis þjóðkirkjunnar er lagt til að þær falli ekki úr gildi um næstu áramót heldur verði gildistími þeirra framlengdur til 1. júlí 2022.

Gildandi stefnur þjóðkirkjunnar eru eftirfarandi:

1. Stefnumörkun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, samþykkt á kirkjuþingi 2000.
2. Fjárfestingarstefna þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2008.
3. Stefna og starfsáherslur þjóðkirkjunnar 2004-2010.
4. Stefna þjóðkirkjunnar um kristniboð.
5. Samkirkjustefna þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2016.
6. Stefna þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2018.
7. Starfsmannastefna þjóðkirkjunnar, er tók gildi 1. janúar 2003.
8. Jafnréttisstefna þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2019.

9. Fasteignastefna þjóðkirkjunnar, samþykkt kirkjuþingi 2020-2021.
10. Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar.
11. Persónuverndarstefna þjóðkirkjunnar.
12. Tónlistarstefna þjóðkirkjunnar, samþykkt á kirkjuþingi 2019.
13. Fræðslustefna þjóðkirkjunnar 2018-2022, er tók gildi 1. janúar 2019.